

6. gr.
Gildistaka.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Jafnframt bætist nýr töluliður við 6. gr. almennra hegningarlaga, nr. 19/1940, sbr. lög nr. 147/1998, svohljóðandi:

11. Fyrir háttsemi sem greinir í samningi um allsherjarbann við tilraunum með kjarna-vopn frá 10. september 1996.

Gjört í Reykjavík, 7. maí 2001.

Davíð Oddsson.

Halldór Blöndal.
(L. S.)

Garðar Gíslason.

Sólveig Pétursdóttir.

7. maí 2001

Nr. 26

LÖG

**um framkvæmd samnings um bann við notkun,
birgðasöfnun, framleiðslu og flutningi jarðsprengna
gegn liðsafla og um eyðingu þeirra.**

HANDHAFAR VALDS FORSETA ÍSLANDS

samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar

forsetisráðherra, forseti Alþingis og forseti Hæstaréttar,

gjöra kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og vér staðfest þau með samþykki voru:

1. gr.

Bann við jarðsprengjum gegn liðsafla.

Enginn má nota, þróa, framleiða, verða sér úti um með öðrum hætti, safna birgðum af, varðveita eða flytja jarðsprengjur gegn liðsafla þannig að það stríði gegn samningnum um bann við notkun, birgðasöfnun, framleiðslu og flutningi jarðsprengna gegn liðsafla og um eyðingu þeirra frá 18. september 1997.

2. gr.

Innlent eftirlit.

Ríkislögreglustjóri fer með eftirlit með framkvæmd laga þessara og samningsins.

Á varnarsvæðum fer utanríkisráðherra með lögsögu, sbr. lög um yfirstjórn mála á varnarsvæðunum o.fl.

3. gr.

Alþjóðlegt eftirlit.

Rannsóknarsendinefndum sem starfa á grundvelli samningsins er heimilt að framkvæma hér á landi skoðanir sem kveðið er á um í samningnum í þeim tilgangi að fylgjast með hvort Ísland framfylgir samningsskuldbindingum sínum. Fulltrúar utanríkisráðuneytisins og ríkislögreglustjóra skulu vera viðstaddir slíkar skoðanir.

Þeir sem eru í rannsóknarsendinefnd sem starfar á grundvelli samningsins skulu njóta friðhelgi og forréttinda hér á landi eins og kveðið er á um í samningnum.

4. gr.

Reglugerðarheimild.

Ráðherra sem í hlut á getur í reglugerð sett nánari ákvæði um framkvæmd laganna.

5. gr.

Refsiákvæði.

Brot gegn lögum þessum og reglum samkvæmt þeim varða sektum eða fangelsi allt að tveimur árum. Nú er brotið ítrekað eða stórfellt og getur refsing þá orðið fangelsi allt að fjórum árum.

Tilraun eða hlutdeild í brotum samkvæmt lögum þessum er refsiverð skv. III. kafla almennra hegningarlaga.

6. gr.

Gildistaka.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 7. maí 2001.

Davíð Oddsson.

Halldór Blöndal.

Garðar Gíslason.

(L. S.)

Sólveig Pétursdóttir.

LÖG

um breytingu á lögum um meðferð opinberra mála, nr. 19 26. mars 1991.

HANDHAFAR VALDS FORSETA ÍSLANDS

samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar

forsætisráðherra, forseti Alþingis og forseti Hæstaréttar,

gjöra kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og vér staðfest þau með samþykki voru:

1. gr.

Við 4. mgr. 66. gr. laganna, sbr. lög nr. 36/1999, bætast tveir nýir málslíðir, svo-
hljóðandi: Sá sem á hagsmuna að gæta getur kært ákvörðun ríkissaksóknara um synjun á
rannsókn til dómsmálaráðherra. Nú ákveður ráðherra að rannsókn fari fram og setur hann
þá sérstakan saksóknara til að fara með og rannsaka málið.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 7. maí 2001.

Davíð Oddsson.

Halldór Blöndal.

Garðar Gíslason.

(L. S.)

Sólveig Pétursdóttir.